

Nd.

465. Frumvarp til laga

[208. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. mars.)

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaupúni, fara fram síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki ber upp á aðfangadag hvítasunnudags, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta laugardag júnímánaðar.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

- a) eru 20 ára þegar kosning fer fram,
- b) eru íslenskir ríkisborgarar,
- c) eru ekki sviptir lögræði,
- d) eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum í 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi, sem hann á lögheimili í, þegar framboðsfrestur rennur út.

Kjörstjórnir í þeim sveitarfélögum, þar sem kosningar fara fram síðasta laugardag í júní, skulu sérstaklega ganga úr skugga um að þeir einstaklingar, sem flutt hafa lögheimili sitt á tímabilinu milli kjördaga, hafi eigi neytt atkvæðisréttar í öðru sveitarfélagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.